



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 3. september 2024
24041111/205.04 JVK

Efni: Lokaskýrsla starfshóps um málefni Salarins

Á vordögum 2024 skipaði bæjarstjóri starfshóp um málefni Salarins sem ætlað var að vinna að nýrri heildarsýn fyrir Salinn út frá endurbættum rekstrargrunni og endurmörkun fyrir Salinn. Starfshópurinn skipuðu þau Védís Hervör Árnadóttir, tónlistarkona, sem var formaður hópsins, Halldór Friðrik Þorsteinsson, heimspekingur og Davíð Þór Jónsson, tónlistarmaður. Starfsmaður hópsins var Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála í Kópavogi.

Starfshópurinn hélt fjóra fundi á tímabilinu frá 8. maí til 18. júní. Hann aflaði auk þess upplýsinga gegnum viðtöl og fundi hjá starfsmönnum menningardeildar, samstarfsaðilum Salarins og meðal ýmissa sérfróðra aðila og hagaðila.

Starfshópurinn kynnti drög að skýrslunni fyrir lista- og menningarráði Kópavogsbæjar þann 19. júní og athugasemdir bárust á fundi ráðsins þann 28 ágúst. Í lokaskýrslunni var tekið tillit til athugasemda við fullvinnslu skýrslunnar.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri



Kópavogur

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026